



## Fundargerð (drög)

### Verkefnisstjórn rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma.

45. fundur, þriðjudaginn 24. maí 2011, kl. 15:30-17:15 í Orkugarði, Reykjavík

**Mætt:** Svanfríður Jónasdóttir, Agnar Olsen (frá 17:00), Anna G. Sverrisdóttir, Elín R. Líndal, Friðrik Dagur Arnarson, Guðni A. Jóhannesson (frá 16:25), Helga Barðadóttir (iðnaðarráðuneytinu), Kjartan Ólafsson (gegnum fjarfundabúnað), Kristinn Einarsson (OS), Kristín Huld Sigurðardóttir, Kristín Linda Árnadóttir og Sveinbjörn Björnsson (ráðgjafi). Kristinn Einarsson ritaði fundargerð.

**Fjarverandi:** Björg Eva Erlendsdóttir, Stefán Arnórsson, Steinunn Fjóra Sigurðardóttir (umhverfisráðuneytinu), Unnur Brá Konráðsdóttir og Þóra Ellen Þórhallsdóttir.

#### Fundarfrásögn

**Svanfríður** setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

#### 1. Skýrsla verkefnisstjórnar (fyrst og fremst kaflar 7 og 9 ásamt framkomnum athugasemdum)

Fram kom að formaður hefði fengið viðbætur í kafla 9 frá Friðriki Degi, Elínu, Björgu Evu og Kristínu Lindu.

**Sveinbjörn** fór yfir nýtt efni og breytingar frá formönnum faghópa II og IV, og taldi hann efnið vera komið vel áleiðis. Athugasemdir væru á spássíu og óskaði hann eftir því að sá sem gerði athugasemdir og viðkomandi kaflahöfundur hefðu samband sín á milli til úrlausnar. Oft væri lendingin sú að skrifa klausu annars staðar, en ekki endilega þar sem athugasemdin kæmi fram. Góð lending náðist hjá Guðna og Stefáni, en Kristín Linda þyrfti að skoða niðurstöðuna úr því. Sveinbjörn taldi umbrot eftir komandi sunnudag mundu taka um eina viku, eftir það væri síðasta tækifæri til breytinga. Varðandi athugasemd frá RARIK í kafla 6 um Hólmsá við Atley kom fram að hún ætti ekki heima þar, þar væru fullyrðingar sem stæðust ekki. Einnig mætti stytta kafla. 6.4. Hvatt var til þess að senda Björgu Evu athugasemdir við kafla hennar, ef einhverjar væru.

**Friðrik Dagur** kvaðst vera með athugasemd við kafla 4.8, sem hann myndi senda til Önnu, Sveinbjörns og Svanfríðar. Einnig væri hann með athugasemdir til Þóru Ellenar.

#### (Guðni mætti á fundinn)

**Friðrik Dagur** undraði sig á því ef verkefnisstjórn ætlaði ekki að setja nein strik í þá röðun sem hún skilaði af sér þannig að til yrði flokkun í virkjunarflokk, biðflokk og verndunarflokk, enda væri talað um flokkun í erindisbréfinu. Þessum skilningi hans var mótmælt af öðrum þeim sem til máls tóku og var farið yfir málið og sögu þess. Einnig spurði Friðrik Dagur, hvort ekki ætti að koma ábending um eðli verksins í 9. kafla. Því var svarað til að lögin lægju þegar fyrir. Að lokum þótti honum ábendingar vanta í þann kafla um faghópa, fjölda þeirra og verkefni, til leiðbeiningar fyrir þá sem tækju við síðar. Svör um þetta voru á þá leið að næsta verkefnisstjórn myndi ákveða skipan og verkefni faghópa í næsta áfanga.

#### (Agnar mætti á fundinn)

Fram kom ábending um að í kafla 9.2.1 vantaði, að takmarkandi þáttur hefði verið, að aðeins vísindamenn af ákveðnu fræðasviði tóku þátt í vinnuhópnum.

**Kjartan** benti á að afgerandi forsenda í áframhaldandi starfi væri hvaða atriði hafa áhrif á röðun virkjunarhugmynda, ekki fjöldi faghópanna.

**Svanfríður** og **Sveinbjörn** ljúka textavinnunni. Fyrirliggjandi texti er til umfjöllunar, en allar viðbætur verða sendar út. Svanfríður sendir 9. kafla aftur út nk. föstudag.

## 2. Önnur mál

Ekkert kom fram undir liðnum önnur mál, fundi var slitið kl.17:15.

Kristinn Einarsson